# Leyfi vegna eignar

Sem eigandi eða réttur forsvarsmaður Eignarinnar og með undirskrift þessa leyfis, þá veiti ég hér með Ljósmyndara / Kvikmyndargerðarmanni og framsalshöfum leyfi mitt til að skapa og nota Efnið sem sýnir Eignina í hvaða miðli sem er, í hvaða tilgangi sem er (undanskilið ærumeiðandi og / eða klám) sem gæti innifalið meðal annars auglýsingar, kynningu, markaðssetningu og umbúðir fyrir hvaða vöru sem er eða þjónustu. Ég samþykki að sameina megi Efnið öðru efni, texta og grafík og skera, breyta og aðlaga. Ég samþykki að öll réttindi vegna Efnisins tilheyri Ljósmyndara / Kvikmyndargerðarmanni og / eða framsalshöfum.

Ég samþykki að ég hef tekið við þóknun fyrir réttindi sem veitt eru samkvæmt þessu leyfi. Ég viðurkenni að ég hef ekki frekari rétt til viðbótar þóknunar eða reikningsskila, og að ég muni ekki gera frekari kröfur vegna neinnar ástæðu gagnvart Ljósmyndara / Kvikmyndargerðarmanni og / eða framsalshöfum. Ég viðurkenni og samþykki að þetta leyfi er bindandi gagnvart erfingjum mínum ef slíkt á við, framsalshöfum eða hvaða persónu sem er sem telur til réttinda yfir Eigninni. Ég samþykki að þetta leyfi er óafturkallanlegt, gildir um heim allan og að eilífu, og fari eftir lögum (fyrir utan lög um lagaskil) lands/ríkis á eftirfarandi lista sem er næst heimilisfangi eigandans eða viðurkennds fulltrúa, sem hér kemur fram til hliðar: New York, Alberta, Englandi, Ástralíu og Nýja Sjálandi.

Samkomulag er um að mínar persónulegar upplýsingar muni ekki verða almenningi tiltækar en þær megi nota í beinu sambandi við leyfisveitingu á viðeigandi Efni þar sem þörf krefur (t.d. til að verjast kröfum, vernda réttindi eða tilkynna stéttarfélögum) og megi varðveita eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla þennan tilgang, þar með talið að deila með undirleyfishöfum / framsalshöfum Ljósmyndara / Kvikmyndargerðarmanni og flytja til landa með mismunandi persónuvernd og lögum varðandi friðhelgi einkalífs þar sem það er vistað, aðgengi er að því og notað.

Ég lýsi því yfir og ábyrgist að ég hafi náð 18 ára aldri. Ég hef til þess fulla lagalega heimild og rétt til að skrifa undir þetta leyfi og veita þau réttindi sem hér koma fram varðandi Eignina, og til að binda allar persónur sem telja til réttinda yfir Eigninni.

**Skilgreiningar:** „FRAMSALSHAFAR“ þýðir persóna eða hvaða fyrirtæki sem er, sem Ljósmyndari / Kvikmyndargerðarmaður hefur framselt eða veitt réttindi samkvæmt þessu leyfi ásamt leyfishöfum sem njóta leyfis frá slíkri persónu eða fyrirtæki. „ÞÓKNUN“ þýðir $1 eða einhver önnur þóknun sem ég hef tekið við í skiptum fyrir þau réttindi sem veitt eru samkvæmt þessu leyfi. „EFNIÐ“ þýðir allar ljósmyndir, kvikmyndir eða upptökur, kyrrmyndir eða hreyfimyndir, teknar af Eigninni sem hluti af tökum. „MIÐLAR“ þýðir allir miðlar, þar með talið stafrænir, rafrænir, prent, sjónvarp, kvikmyndir og aðrir miðlar sem þekktir eru í dag eða verða fundnir upp. „LJÓSMYNDARI / KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR“ þýðir ljósmyndari, myndskreytingarmaður, kvikmyndagerðarmaður eða kvikmyndatökumaður, eða hver önnur persóna eða aðili sem ljósmyndar eða tekur upp Eignina. „EIGNIN“ þýðir staðurinn og eða eignin (fasteign eða hugverk) sem er viðfangsefni tökunnar. „TAKAN“ þýðir ljósmyndun eða kvikmyndataka sem lýst er í þessu eyðublaði.

**Festið myndræna tilvísun eignarinnar hér:**

(Efst í hægra horni ef tilvísunin er stærri en kassinn.)

T.d. Polariod, prentrit, ljósrit o.s.frv.

**Upplýsingar um Ljósmyndara/Kvikmyndargerðarmann**

Nafn (prentstafir) ______________________________

Undirskrift ______________________________

Dags. undirritunar (DD/MM/ÁR ) ______________________________

Lýsing Töku//Tilvís. (ef við á) ______________________________

Dags. Töku (DD/MM/ÁR) ______________________________

**Upplýsingar um eign** (Lýsið eign sem leyfið nær yfir þar með talið heimilisfang ef um fasteign er að ræða eða, ef um hugverk er að ræða, upplýsingar um skráningu / aðra lýsingu.)

Lýsing ______________________________

Heimilisfang ______________________________

Sveitarfélag ______________ Land ______________

Póstnúmer ____________

**Upplýsingar um eiganda** (merkið einn reit eftir því sem við á)

Eigandi er einstaklingur Eigandi er fyrirtæki

Nafn rétts forsvarsmanns Fyrirtækis sem á Eignina

Nafn einstaklings eða starfsmanns (prentstafir)

______________________________

Heiti Fyrirtækis (ef við á)

______________________________

Titill/Staða (ef við á) ______________________________

Undirskrift ______________________________

Dags. undirritunar (DD/MM/ÁR) ______________________________

Sími tengiliðar ______________________________

Tölvupóstfang tengiliðar ______________________________

**Vottar** (ATH: Allar persónur sem undirrita og votta verða að vera á lögaldri og hafa sjálfsforræði á því svæði þars em leyfi þetta er undirritað. Persóna getur ekki vottað sitt eigið leyfi.)

Nafn (prentstafir) ______________________________

Undirskrift ______________________________

Dags. undirritunar (DD/MM/ÁR) ______________________________